ÞJÓÐVILJINN

Föstudagur 11. september 1981 — 201. tbl. 46. árg.

Tillaga í félagsmálaráði:

Selbúðir rýmdar fyrir áramótin?

Félagsmálaráð hefur nú til umfjöllunar tillögu um að rýma leiguhúsnæði borgarinnar við Selbrekkur við Vesturgötu fyrir áramót og finna íbúum þeirra annað húsnæði. Ennfremur um að gerð verði áætlun um skipulega útrýmingu þess leiguhúsnæðis borgarinnar sem er í notkun og talið er óíbúðahæft.

Þessar tillögur voru lagðar fram í félagsmálaráði í gær, fyrri hlutinn frá Guðrúnu Helgadóttur og Þorbirni Broddasyni og síðari hlutinn frá Bessí Jóhannesdóttur og verða þær teknar til afgreiðslu á næsta fundi ráðsins. Fyrir fundinum lá tillaga um úthlutun einnar íbúðar í Selbrekkunum og var henni einnig frestað.


Þá var í félagsmálaráði í gær kynnt skýrsla sem gerð hefur verið um leiguhúsnæði borgarinnar. Þar eru leiguíbúðirnar flokkaðar sem framtíðarhúsnæði eða til bráðabirgða. Ennfremur er þar að finna yfirlit um endurbætur og útrýmingu húsnæðis sem í könnun heilbrigðiseftirlitsins 1977 var dæmt lélegt eða slæmt.

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hefur nú 855 eignaríbúðir til ráðstöfunar. Þar af eru 271 íbúð eingöngu ætluð öldruðum og 584 til almennrar útleigu. 89 þeirra eru til bráðabirgða, þar af 44 sem rýmdar verða svo fljótt sem unnt verður, 15 sem stefnt er að rýma innan 5 ára og 30 sem nýttar verða 5 ár eða lengur.

Framleiguíbúðir borgarinnar eru nú 50 talsins, þar af 14 einstaklingsherbergi.

Í könnun heilbrigðiseftirlitsins 1977 reyndust 70 íbúðir í eigu Reykjavíkurborgar „lélegar" eða „slæmar" 10 hafa verið rifnar eða seldar (1), 3 teknar úr umferð, 5 lagfærðar og 7 endurbættar en 45 eru enn í óbreyttu ástandi. 19 þeirra eru ætlaðar til frambúðar (Bjarnaborg, Barónstígur og Bergþórugata) og er stefnt að lagfæringum á þeim um leið og fjármagn fæst, en hinar 26 er ætlunin að losa sig við um leið og unnt er.

Sjá bls. 7



Opin ráðstefna á sunnudaginn

Húsnæðisvandinn

— lausnir AB ræddar í Hreyfilshúsinu

Alþýðubandalagið í Reykjavík vonast til að fólk komi til þess að kynna sér hugmyndir flokksins til lausnar húsnæðisvandanum bæði í bráð og lengd og til að viðra sínar eigin hugmyndir. Þá gefst fundarmönnum einnig kostur á að beina fyrirspurnum til fólks sem vinnur að því að leysa húsnæðisvandamálin. Þetta er opin ráðstefna fyrir alla sem áhuga hafa á, sagði Kristján Valdimarsson starfsmaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík, þegar blaðið forvitnaðist um ráðstefnuna um lausnir á húsnæðisvandanum, sem haldin verður á sunnudaginn kemur í Hreyfilshúsinu og hefst kl. 13.00.

— Ráðstefnan er einsog áður sagði öllum opin. Framsöguerindin taka tiltölulega skamman tíma, hverjum framsögumanni eru skammtaðar tíu til fimmtán mínútur.

Eftir kaffihlé verður orðið gefið frjálst. Ráðstefnugestir geta að sjálfsögðu notað tímann og tækifærið til að spyrja frummælendur skriflega eða munnlega og tjá sig um málin. Fjallað verður um húsnæðismálin út frá mörgum sjónarhólum (sjá auglýsingu inni blaðinu). Ekki er að efa að margan manninn fýsir að fá að heyra viðhorf Alþýðubandalagsmanna og verkalýðshreyfingarinnar milliliðalaust. Ég vil í endingu skora á fólk að láta ekki Moggann blekkja sig um lausnir okkar Alþýðubandalagsmanna á húsnæðisvandanum, og skora því á áhugafólk að koma til fundarins í Hreyfilshúsinu á sunnudaginn, sagði Kristján Valdimarsson að lokum.



Holræsi niður í Fossvog — ný framkvæmd, gott myndaefni, fyrir sumum tákn um forgengileika alls... (Ljósm gel)

Fjórir aðilar volgir:

Verður slegist um vinnustofu Kjarvals?

Borgin, Seðlabankinn, Hús verslunarinnar og Þorvaldur í Síld og fisk, vilja kaupa

Vinnustofa Kjarvals sem nú hefur verið sett upp á Kjarvalsstöðum hefur vakið mikla athygli og aðdáun. En það eru fleiri tilfinningar sem hún vekur — og er haft fyrir satt að ekki færri en fjórir aðilar hafi mikinn áhuga á að eignast listaverkin.

Ekki tókst Þjóðviljanum í gær að fá fregnir af kauptilboðum í vinnustofuna staðfestar né heldur hvernig hún væri verðlögð en Guðmundur í Klausturhólum keypti hana á sínum tíma fyrir 12 miljónir gamalla króna. Þá var Reykjavíkurborg boðin vinnustofan en því boði var hafnað enda þótti ótrúlegt að hægt yrði að flytja, gera við og varðveita listaverkin. Nú þegar Guðmundur hefur sýnt að það var hægt er Reykjavíkurborg sögð meðal þeirra sem hug hafa á að eignast gripinn. Telja ýmsir að vinnustofan væri best komin á Kjarvalsstöðum en borgin á talsvert af munum sem þar voru og Kjarval notaði við vinnu sína. Aðrir sem sagðir eru volgir eru Seðlabanki Íslands og Hús verslunarinnar og munu þessir aðilar ætla að skreyta veggi nýbygginga sinna með listaverkunum. Í fjórða lagi er Þorvaldur í Síld og fiski sagður hafa hug á vinnustofunni.

— ÁI



Marga fýsir að eignast vinnustofu Kjarvals, enda um dýrindis listaverk að ræða. Myndirnar sem hér sjást heita Í Lífsins ólgusjó og Sveitalíf. Ljósm: gel.